

reglugjörðar þessarar. Nú reynist rekstur stöðvarinnar óviðunandi, og getur **100**
hreppsnefnd þá, að fengnum tillögum rafveitunefndar, tekið rekstur stöðvar- **22. nóv.**
innar í sínar hendur, á kostnað eigenda.

18. gr.

Reglugjörð þessari og einnig gjaldskrá má breyta með samþykki stjórn-
arráðsins.

19. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum, alt að kr. 200,00 — tvö
hundruð krónum — nema þyngri hegning liggi við, og skal fara með mál út
af þessu sem almenn lögreglumál. Sektir renna í sveitarsjóð Keflavíkurhrepps.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember
1915 um rafmagnsveitur og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga
að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. nóv. 1923.

Kl. Jónsson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGJÖRÐ

um

breyting á reglugjörð 31. júlí 1906 fyrir Fiskiveiðasjóð Íslands.

1. gr.

Fyrsti málslíður 2. gr. reglugjörðarinnar orðist svo:
Vextir af lánnum þessum skulu vera 5 af hundraði á ári.

2. gr.

3. gr. reglugjörðarinnar breytist þannig:

Í stað upphæðanna 15000, 10000, 5000 og 2000 í staflíð a. komi: 30000,
20000, 10000 og 5000.

Í stað 2000 í staflíð b. komi: 5000.

Í stað 5000 í staflíð c. komi: 10000.

3. gr.

Í stað 100 og 600 í 6. gr. reglugjörðarinnar komi: 200 og 1200.

Þetta birtist hjer með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. nóvember 1923.

Kl. Jónsson.

Vígfús Einarsson.